

## Fundargerð: Samráðsnefnd Þjórsárdals

Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
11. des 2025	10:00-11:30	Fjarfundur, Teams	1
Fundarboðandi	Fundarritari		
Náttúruverndarstofnun	Daníel Freyr		
<b>Fundarmenn:</b> Frá Náttúruverndarstofnun: Daníel Freyr Sigurbjargarson (NVS). Frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi: Haraldur Þór Jónsson Frá Náttúrufræðistofnun: Lovísa Ásbjörnsdóttir Frá Land og Skógi: Hreinn Óskarsson Frá Minjastofnun: Uggi Ævarsson			

### 1. Framkvæmdir við Rauðukamba

Umræða um Fjallaböðin og leyfismál. NVS/UST afgreiddi nokkur leyfi á síðari hluta 2024 varðandi borholur. Síðan þá hafa í raun öll leyfi verið fyrir hendi og framkvæmdir eru í fullum gangi. Töluverð umræða alltaf í samfélaginu um þessar framkvæmdir og skiptar skoðanir. Uppsteypa er nú í fullum gangi og verður fram á næsta ár. NVS horfir á svæðið í dag sem virkt framkvæmdasvæði og það sem höfuðmáli skiptir er frágangur á svæðinu. Það þykir hafa heppnast vel hjá sömu framkvæmdaraðilum í Kerlingarfjölum og því treystir NVS á að sömu vinnubrögð og metnaður verði í Þjórsárdal. Hugmyndir framkvæmdaraðila varðandi lokaútlit og ásýnd svæðisins eru mjög skýrar og er NVS samþykkt þeim áformum. Við eina borholu kom mikið vatn sem skolaði burtu jarðvegi og gjósku, en það verður lagað.

### 2. Útsýnispallur við Háafoss

NVS hefur látið vinna hönnun á pöllum og handriðum við útsýnisstaði við Háafoss. Þar er brýnt að bæta öryggi og er verkefnið í samræmi við bæði deiliskipulag og aðgerðaráætlun. Daníel fer yfir þrjár frumtilögur frá Landslagi. Umræða skapast um efnisval; Uggi leggur áherslu á lágstemmdar lausnir og fá yfirborðsefni. Haraldur lýsir áhuga á hringpalli sem skagi út fyrir klettana, en Lovísa bendir á að slíkt geti verið óþarft inngrip þar sem náttúrulegir klettasnasi veiti nú þegar gott útsýni. Daníel tekur undir það og segir að NVS eigi ekki að byggja palla fyrir

upplifun á friðlýstum svæðum, þó fordæmi séu fyrir slíku hérlandis. Hringpallur gæti þó hentað hér þar sem hann breyti ekki ásýnd fossa eða umhverfis. Engri tillögu er algjörlega hafnað á þessu stigi, þar sem þær hafa allar lítil sjónræn áhrif og trufla ekki útsýni að fossinum.

Niðurstaðan er að halda áfram með þær hugmyndir sem fram eru komnar. DFS mun biðja um um málsetningar fyrir allar lausnirnar og koma til sveitarfélagsins. Næsta stig sé vettvangsferð í vor og stefnt er að framkvæmdum seinni hluta sumars 2026 og inn í haustið.

### 3. Göngustígur frá bílastæði að Háafossi

Núverandi mól og umgjörð stígsins frá bílastæði að bjargbrún er óheppileg. Hallinn á köflum of mikill svo mölin lekur mikið út í móann, sem kallar á stöðugt viðhald. Hugsanlegt er að skoða sterkari lausnir og jafnframt nýja leið til að minnka halla stígsins og bæta aðgengi. Umræður um hvort þarna væri heppilegt að steypa stíg, sem myndi geta tryggt aðgengi fyrir alla. Slíkt þekkist frá öðrum verndarsvæðum hérlandis þar sem álag er mikið, t.d. við Gullfoss. Daníel bendir á að slík lausn gæti orðið varhugaverð í vetraraðstæðum að teknu tilliti til þess að ekki er sinnt vetrarþjónustu, þar sé mölin heppilegri. Þó er fyrir séð að þjónustustig aukist á næstu árum og ekki útilokað að sterk lausn, t.d. steiptur stígur sé góð og praktísk lausn fyrir svæðið. Ekki sé endilega stefnt að framkvæmd strax en gott að huga að möguleikum.

Niðurstaðan er að Daníel mun ræða við Landslag um að skoða endurhönnun á þessari leið.

### 4. Fræðslumál

Daníel sýnir myndir af nýjum skiltum sem sett voru upp í sumar við Háafoss, Stöng, Gjánna og Hjálparfoss, sem lokahnykkur í fræðsluátaki sem hófst með uppsetningu vegvísa sumarið 2024. Uggi bendir á að skiltinu við Stöng hafi verið ranglega komið fyrir og mun NVS skoða það; staðsetningin var ákveðin í samráði við Minjastofnun en virðist hafa farið úrskeiðis í uppsetningu. Að mati NVS eru fræðslumál nú í góðum farvegi og útlit skilta, korta og vegvísa samræmt á öllu verndarsvæðinu. Minjastofnun hyggst bæta við upplýsingaskiltum við helstu minjar.

NVS telur ótímabært að skoða merkingar á gönguleiðum vestan Fossár þar til stutt sé í að Fjallaböðin opni, og þá í samráði við rekstraraðila þar.

### 5. Vegamál í Þjórsárdal

Á síðasta ári lögðu Fjallaböðin nýjan veg inn að Rauðukömbum sem verður opinn gestum dalins, en gestum Fjallabaðanna verður ekið frá Selhöfða. Eftir standa eldri, niðurgrafnir slóðar inn í dalinn og þarf að ákveða hvort þeir verði áfram opnir.

Haraldur sýnir kort af svæðinu og veltir því upp hvort loka eigi Stangarvegi og hafa einungis Gjávég opinn ofanfrá. Það myndi stöðva gegnumumferð og skapa möguleika á vetrarþjónustu á Gjávégi. Hópurinn er sammála um að slíkt væri til bóta, þar sem vegurinn upp að Stöng er niðurgrafinn, oft blautur og utanvegaakstur algengur meðfram honum. Lausnin myndi einnig stytta heildarlengd vega innan verndarsvæðisins. Daníel bendir þó á að nýlegt og stórt bílastæði við Stöng þyrfti þá að fjarlægja með miklum kostnaði, sem væri ofboðsleg soun. Því væri skynsamlegt að láta veginn að ofan liggja niður að Stöng en loka Stangarvegi til suðurs.

Hópurinn er sammála um að fækkun vega í dalnum væri til bóta, drægi úr umferð og gerði endurbætur á veginum raunhæfari. Hópurinn sammála um að halda sérstakan fund á nýju ári til að ræða stöðu vega innan dalsins frekar.

## 6. Salernishús við Stöng

NVS stefnir á að reisa salerni við Stöng á næsta ári. Húsið hefur verið hannað með vatnsöflun í gegnum sólarcellur og dælubúnað eða með möguleika á lögnum upp í gilið. Uggi og Haraldur telja óskynsamlegt að miða eingöngu við sumarrekstur, þar sem líklegt er að umferð verði allan ársins hring með tilkomu hótelsins. Daníel tekur þessar ábendingar áfram. Auðvelt er að skipta út dælubúnaði ef rafmagn verður aðgengilegt, en gera þarf ráð fyrir húshitun í hönnuninni. Ekki þarf miklar breytingar til að gera húsið hæft fyrir vetrarrekstur.

## 7. Hönnun við Hjálparfoss

Fjármagn er til fyrir endurhönnun áfangastaðarins við Hjálparfoss. NVS hyggst bæta umgjörð bílastæðis, stígakerfis og útsýnisstaða. Núverandi innviðir við gönguleiðir og útsýnisstaði voru reistir fyrir um tíu árum og hafa staðist álag nokkuð vel. NVS sér þó tækifæri til að styrkja svæðið enn betur með því að laga innviðina betur að landslagi, sérstaklega útsýnispallinn sem er ávallt í mynd frá fossinum. Einnig þarf að endurskoða salernishúsið sem hentar einungis fyrir sumarrekstur. Hópurinn sammála um að stefna beri að salerni sem virkar allt árið og útbúa

hönnun sem einnig nýtist við Háafoss. NVS mun hefja verkefnið eftir áramót. Engar aðrar sérstakar athugasemdir frá hópnum.